

**Samkomulag**  
**um breytingu og framlengingu kjarasamnings**  
**Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga**  
**og**  
**Orkuveitu Reykjavíkur, sameignarfyrirtækis**

Kjarasamningur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga og Orkuveitu Reykjavíkur framlengist til 28.febrúar 2015 með svofelldum breytingum:

**1. gr.**

Um launagreiðslur og **launabreytingar** vísast til ákvæða gr. 1.1 í kjarasamningi aðila. Starfsmaður á rétt á launaviðtali við sinn yfirmann einu sinni á ári, sbr. gr. 1.1.4 í kjarasamningi aðila.

**2. gr.**

- **Orlofsuppbót** fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 miðað við fullt starf á árinu 2014 verður kr. 39.500.
- **Desemberuppbót** miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 85.400

**3.gr.**

Samningur þessi öðlast gildi frá 1. febrúar 2014 og gildir til 28. febrúar 2015 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp á lögformlegan hátt til afgreiðslu. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 28. maí 2014 skoðast samningurinn samþykktur. Atkvæðisbærir félagsmenn stéttarfélagsins um samning þennan eru einungis þeir sem starfa hjá Orkuveitu Reykjavíkur, sameignarfyrirtæki, sbr. bókun 1 með samkomulagi þessu.




Reykjavík, 23. maí 2014

F.h. Kjarafélags viðskipta og hagfræðinga  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna



Páruneyrir Þorgeirsson  
utí K. 6

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur, sameignarf.  
með fyrirvara um samþykki stjórnar



Gólinn Kristjánsson  
Hall Erlend  
Jóge Þór Þrófæðittir

### Bókun 1

Félagsmenn Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga starfa nú einnig í tveimur nýjum dótturfyrirtækjum Orkuveitu Reykjavíkur, Orku náttúrunnar ohf. og Orkuveitu Reykjavíkur – Veitum ohf. Samkomulag er um að ein atkvæðagreiðsla fari fram um samning þennan meðal allra hlutaðeigandi starfsmanna sem eru félagsmenn í KVH.

Jafnframt er samkomulag um að við næstu endurnýjun kjarasamningsins skipi ofangreind fyrirtæki sameiginlega samninganefnd og að Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga skipi að sama skapi eina samninganefnd gagnvart fyrirtækjunum. Litið verði á fyrirtækin og hlutaðeigandi starfsmenn sem eina heild í atkvæðagreiðslum um kjarasamninginn.

### Bókun 2

Aðilar eru sammála um að vinna að og ganga frá nýjum heildartexta samnings (núverandi er frá 2008), endurskoðað hann eftir þörfum, gefa út og staðfesta, eigi síðar en 30. nóv 2014.

